


Góðsamtungu þou Komest

HEIMIR



EFNISYFIRLIT:

	Bls.
Heimir	25
Síðir og helgisíðir	28
Grundvallarlög	38
Kyrkjubók	40
Kristileg síðfræði	41
Vilhjálmur Stefánsson	47



IX. ÁR

1913



FASTEIGNIR KEYPTAR OG SELDAR

KOMIÐ og ATHUGIÐ hvað vér höfum að bjóða, á ýmsum stöðum í borginni, áður en þjer veljið yður byggingarstæði. Vér kaupum sölu-samninga, lánum peninga út á eignarbréf fyrir bæjarlóðum. Komid til var eftir öllu, tilbeyrandi fasteignum.

WILLIAM GRASSIE

54 AIKINS BUILDING - 221 McDERMOT AVE.

PHONE 5327 --- P. O. BOX 645

Hið Unítaríska Kyrkjufjelag Vestur-Íslendinga.

(Stofnað 1901).

Forseti: S. B. Brynjólfsson

Skrifari: sjera Guðm. Árnason

Fjehirðir: Hannes Pjetursson

} Winnipeg, Manitoba.

TILGANGUR: Tilgangur fjelags þessa er, að leitast við að efla og stofnsetja únítaríska söfnuði meðal Íslendinga, útbreiða frjálslýndi í trúarskoðunum, og viðhalda skynsamlegum, lifandi og göfugandi trúarhugmyndum, í elsku til guðs og þjónustu manna.

MEDLIMIR: Í fjelagi þessu geta staðið bæði einstakir menn, sem að þessum fjelagsskap vilja vinna, og söfnuðir þeir, sem stefna að hinu sama markmiði.

Hjá fjelaginu eru eftirfylgjandi rit til sölu:

1. Lærdómskver (Barnalærdómur eftir únítarískri kenningu) 35c.
2. Grundvallarlög Kyrkjufjelagsins 5c.
3. Heimir · Mánaðarrit. 288 bls. á ári. Yfir árið . . . \$1.00
4. Heimir, I—VIII árg., innheftir, hver á 50c.

Pantanir á ofantöldum ritum, sendist skrifara, eða á skrifstofu "Heimis", 533 Agnes St., Winnipeg, Man.

HEIMIR



IX. árgangur

WINNIPEG, 1913.

2. blað.

Heimir.

—:O:—

Með síðasta blaði byrjaði Heimir 9. árið. Það virðist langur tími, er vjer nú horfum til baka, frá því haun var stofnaður. Þá voru fáir miklum efnum búnir og eru það eigi enn, þó hagar margra Ústara standi nú betur en þá. Og það voru örfáir menn er fyrst settu blaðið á fót. Til þess lögðu þeir fram, sumir nokkra dali, og aðrir nokkra dali og allmikla vinnu að auk. Ekki var það gjört í gróðaskyni, heldur ef svo mætti verða, til styrktar trúarskoðunum vorum og fjelagsmálum vorum til eflingar.

Viðleitinni var ekki alstaðar vel tekið. Var ekki við því að búast f. á flokkum þeim sem andstaðir eru skoðunum þeim, er blaðið ætlaði að flytja, — voru þeir því mjög andvegir, — en vonbrigði vora það nokkur, er þeir sem maður taldi samverka og samfjelagsmenn voru að litlu eða engu vingjarnlegri í blaðsins garð. Gjörðust sumir þeirra nauðugir, kaupendur blaðsins, og gleymdu skuld sinni við það, er þeir borguðu aðrar skuldir sínar, þótt þeim væri ekki með öllu ókunnugt um erviðleika útgefenda, og að þeir yrði að bera af eigin ramleik kostnaðinn við útgáfu blaðsins. Auðvitað var útgefendum skylt málið, en þó engu skyldara en öðrum fjelagsmönnum, vegna þess að ritið var einverðunga stofnað fyrir kyrkjufjelagið.

Aftur voru það ýmsir sem styrktu blaðið strax frá byrjun, með því að útvega því útbreiðslu og innheimta fyrir það. Og nokkrir sendu því ritgjöðir og kvæði, og það sumir vorir beztu menn hjer vestra. Hefir Heimir ávalt borið þess vitni að hann hefir átt þar hauka í horni. Með allmikilli fyrirhöfn og nokkrum tilkostnaði er fram liðu títmar, tókst stofnendunum að koma upp húsi er blaðið átti sjálfst. Varð það strax dálftil tekjugrein og hefir verið það síðan. Var þá komið svo að blaðið gat farið að bera sig sjálfst, með sæmilegri skilvæsi frá kaupendum, þó svo að eins að ritstjóri ynni kauplaust, er hann hefir ávalt gjört. Þóttust þá stofnendurnir vera nokkurnveginn búnir að ná sfnu ætlunarverki. Svo til þess að tryggja því frekari styrktarmenn, er að litlu eða engu höfðu viljað liðsinna því, vildu nokkrir útgefendanna þá strax afhenda það kyrkjufjelaginu. Varð það að lokum úr.

Haustið 1909 afhenda stofnendur Heimis kyrkjufjelaginu blaðið, með þeim eignum sem það átti þá, er námu í útstandandi áskrifendagjöldum og húseign hátt upp í \$1200. Að fráteknunum tveimur, gáfu hluthafar alt sem þeir höfðu til blaðsins lagt. Sagði þá hin gamla útgáfufélag af sjer. Síðan er nú liðið hátt á fjórða ár. Voru þá komnir út 5 úrgangar af blaðinu og hafa síðan bæzt við þrfr.

En á þessum tíma sem liðinn er, hefir blaðinu ekki farið eins vel fram og búast hefði mátt við. Með því að verða fjelagseign, misti það vinnu og eftirlit upphaflegu stofnendanna, en í þess stað veittist því hjálp, fyrirgreiðsla og starf heils fjelags. Eru það óneitanlega góð skifti. En þó hefir því hnignað í þessi þrjú ár. Kaupendum hefir fækkað að fullum þriðjungi, og það sem hefir haldið því lifandi nú upp á síðkastið, er leigan eftir húseign blaðsins er nemur fullum þrem sjöundu af árlegum tilkostnaði þess. En þá er ekki vel að verið, þegar dauðir hússkrokkar eru einu hjálparmeðil skoðana málanna. Því upp úr þrem sjöundu kemst sú hjálp eigi, en hinn styrkurinn frá fjelagsmönnum, getur hæglega fallið niður fyrir fjóra sjöundu ef í sama horf stefnir og að undanfögnu.

Kaupendum þarf að fjölga og það sem allra fyrst. Og þeim getur fjölgað ef hver kaupandi vildi gefa sem svaraði hálf dags

vinnu fyrir blaðið einu sinni á ári. Með því getur tala þeirra tvöfaldað árlega. Og er það til of mikils mælst, frá hendi þeirra er stofnuðu blaðið og gefið. hafa til þess, auk mikillar vinnu, sumir hverjir, nokkuð á annað hundrað dollara?

Vjer Únftarar erum fremur fámennir, en þess framar ætti oss að vera það metnaðarmál að láta hið eina blað vort, sem gefið er út á voru máli, vera laglegt, sémilega vel útbreitt, og kynna oss sem menn út á við.

Fyrir tilmæli hins nýafstaðna þings vors og svo af því, að fráfaraandi nefud gaf engan kost á að annast um útkomu blaðsins frá veg's, tók eg að nýju að mjer ritstjórn Heimis. Var mjer það að mörgu leyti nauðugt. Er vjer, hinir fyrri útgefendur, afhentum blaðið, hafði eg ekki ætlað að til þess myndi koma að eg taki við ritstjórn þess aftur. Bæði var það, að með þeim umskiftum virtist blaðinu vera vel fargið og svo líka, með því að skilningur manna yði gleggri á því verki er "hluthafsfjlagið" var að reyna að leysa af hendi, fyrir kyrkjufjlagið, yði fleiri til þess að leggja því lið, þó svo hafi ekki orðið, svo ekki þyrfti vorrar hjálpar með.

Með þessu er ekki verið að vanþakka það sem gjört hefir verið, heldur sakast um það sem ógjört var látið.

Á ýmsan hátt verður breytt til með fyrirkomulag blaðsins og efni. Meðal annars er ætlast til að birtar verði stuttar dánarfregnir, fyrst og fremst þeirra er að einhverju leyti voru tilbeyrandi fjelagsmálum vorum, og svo hinna annara Íslendinga eftir því sem á stendur. Væri blaðið svo stórt, að rúmsins vegna væri það hægt, myndum vjer helzt kjósa að geta birt fullkomin æfúgrip allra Íslendinga er andast hjer megin hafsins. Vjer lítum svo á, að íslenzk blöð hjer í álfu sje ekki til annars þarfari, en ef þau gætu geymt nöfn látinna Íslendinga, er hvorki grafir nje garðskýrslur þessa lands, greina frá, er fráun líða stundir.

Á þessari skoðun biðjum vjer engrar afsökunar, ekki einu sinni fagurfræðingana er mest finna að dánarfregnunum í íslenzku vikublöðunum. Vjer skulum segja að stjakað sje við þeim lifendu, en það er leitt að vera að spyrna við þeim dauðu.

Ekki er ætlast til að skýrslur þessar verði lengri en sem svarar

hvor um sig sex, sjö lfnum. Svo er og gjört ráð fyrir að fluttar verði fregnir um hjónavtöglur, skírnir og feringar er prestar kyrkjufjelagsins framkvæma, auk annara frjetta er snerta safnaðarstarfsemina yfir það heila tekið. Er það ósk og tilmæli útgáfunefndarinnar, að hlutaðeigendur aðstoði ritstjóranum í því að skýrslur þessar geti orðið sem áreiðanlegastar og komist sem fyrst til blaðsins.

Smásögur og kvæði, ritgjörðir um skóla- og kyrkjumál, eða um Íslendinga að fornu og nýju, verða þakksamlega þegnar og birtar í blaðinu eftir því sem rúm leyfir. Alt viðkomandi efni og innihaldi sendist ritstjóranum. Enn fremur skiftiblöð er nú koma með stökum óskilum, og bækur og rit er óskað er eftir að getið sje að einhverju. Alt aðlútandi fjármálum blaðsins sendist ráðsmanni.

Skýringar þessar vonast útgáfunefndin til, að teknar verði til alvarlegrar fhugunar. Er henni það vel ljóst að fólki hefir alment verið ókunnugt um hag og sögu blaðsins. En nú, eftir að gjörð er grein fyrir hvorutveggju, vonast hún til að allir finni til skyldunnar, til að gjöra sitt ýtrasta, blaðinu til eflingar, — eina blaðinu sem gefið er út á Íslenzku, Únftarískum málum til styrktar.

R. P.

Síðir og helgisíðir.

Fyrirlestur fluttur á 7. þingi hins Únftaríska kyrkjufjelags,
18. apríl 1913.

Síðir eru ytri mynd og búningur, menningarinnar og trúarbragðanna. Þeir birtast í hegðun manna. Þeir koma innan að frá, eiga upptök sín í sálarlífinu. Þeir ráða gangi og gjörðum hversdagslífsins.

Síðir eru margskonar enda ræður það af líkum. Men leggja

mismunandi merkingu í svo undur margt. Aðallega tákna síðir skoðanir manna á fegurð, velsæmi og rjettlæti.

Fáir nota sama mælikvarða fyrir fegurð. Mennt leggja mismunandi skoðun í hvað sjá sómasamlegt — velsæmi. Hugmyndir manna um rjettlæti eru óteljandi. Þess vegna eru síðir manna, er ráða lífnaðarháttum mjög svo breytilegir. “Hverjum þykir s’inn fugl fagur”, “s’num augum lítur hver á silfríð”, mæla máls-hættirnir.

Hugsanirnar, meðan þær eru að eins hugsanir, eru augnabliks hræring meðvitundarlífsins. Sama hverjar þær eru, hvort það er hugboð vort um fegurð, um ást, um gildi lífsins.

En þegar þær fara að verka á viljann, fara að koma fram í tilraunum vorum, eru þær orðnar holdi klæddar. Þær halda sjer, sem hugsanir, en búast sýnilegum búningi. Búningurinn er hreyfingar, verknaður og gjörðir manna. Og hver hugsun klæðist búningi þeim, sem hennar er mest við hæfi. Ef hann er þunglamalegur er það af því hugsunin er sjálf óskýr. Ef hann er einrænn er það af því hugsunin er einræn. Það er lögmál alls heims, að hver lífstilvera öðlast þann líkamsbúning sem bezt er við hennar hæfi, hvert það er heldur blóm jarðar, eða trje, eða dýr, eða maður, eða hugsun manns.

Ljótt látbragð, hverju fögru nafni sem það er nefnt, ber ótvífræðan vott um lága fegurðarhugsun og velsæmi. Í nöfnum þeim sem því er gefið felst oft sterk, hjúpuð sjálfsblekking; til þess að veita því heimild, og hlýfð, og þagga mótmæli aðri hugsana. Þannig er ljótt látbragð stundum nefnt gaman, spaug, gletni, “góður tfmi”.

Síðir vorir mánnanna eru hugsanir vorar holdi klæddar, færðar í sýnilegan búning. Talað er þess vegna um ósiði, síðleysi. Þykir hvorttveggja, að rjettu lagi, þera vott um andlegt þroskaleysi. Þjóðir þær sem eru lágt hugsandi, þera vott hugsunárháttarins í síðum og háttsemi, hafa því verið nefndar ósiðaðar, eða viltar. Villiþjóðir eða ósiðaðar þjóðir er talið vera eitt og hið sama.

Margar síðaðar þjóðir eru að eins síðaðar í vissum efnum. Fjölda margir menn þeirra sömu þjóða standa svo ýmist ofar eða

neðar en meðaltal þjóðarinnar. Skoðanir þeirra eru hærri eða lægri en þjóðarinnar í ýmsum efnum, áhrærandi siðferði, háttsemi og gildi og þýðingu lífsins.

Sagt er að í fornöld hafi grfska þjóðin staðið öllum ofar í siðfágum. Þó er þess getið um grfska heimspekinginn Diogenes, að skoðun hans á fegurð og velsæmi hafi verið mjög svo fráleit. Hann fyrirleit klæðnað og gekk þvf næst nakinn. Hann fyrirleit alt skraut og prýði. Hann bar með sjer stamp og sat í honum á götum og torgum úti. Hann gekk með logandi blys um hábjartan daginn og þóttist vera að leita að ráðvöndum manni.—Það eitt afsakanlegt ef til vill. Eitt skifti kemur hann heim til Platóns, heimspekingsins fræga; en Platón háfði ábreiður á gólfinu. Tredur Diogenes á þeim með ruddaskap og miklu yfirlæti og segir: “Þannig tred eg á mikillæti Platóns”. Svarar Platón þá brosandí: “Með engu minna mikillæti”.

Móti mikillæti og sællífi og skrauti æðri stjettanna um miðaldirnar gengu reglugjörðir klaustramanna. Viðast gengu þó þau mótmæli of langt, svo að heita nátti að klausturlífnaður fyrirliði hið eðlilega fagra og sanna. Var það í samræmi við lífsskoðanir andlegu stjettanna á þeim tíma. Í stað fegurðar takmarksins, kom heilagleika-takmarkið, einkennileg hugarsmíð fyrri miðaldanna, að fjarlægja sig sem mest heiminum. Til þess var leyfilegt að pynta líkama sinn, jafnvel afskræma hann, og sjálfsgagt þótti að fyrirliða alla persónufegurð, hreinlæti, alt það er veitir auga og anda unun og gleði. Stóð þetta í sambandi við þá trú að heimurinn væri ofurseldur valdi þess illa. Guð átti ekkert í þessum heimi og lagði vanþóknun á hann. En takmark heilagleikans var það að hafa ekkert samneyti við það sem var fjarlægt guði, og enn fremur að kappkosta að líkjast guði í sem flestu. En þessi kappkostun, að líkjast guði, neð þvf að afrynda sína eigin persónu, varð lýsna fánæg, og gjörði guðsmyndina ærð lítillmótlega.

Þessar hugsanir og siðir er út frá þeim spruttu grópuðust í n í hugsunarhátt alþýður nar. Munkarnir voru hennar fyrirmyndir, og n unkalærdómur hennar ræði. Enda voru mesti fjöldi dýrlinga úr tölu munkanna. Þeir voru helgir menn, þess helgari sem

þeir voru strangari. Og þar er annað skriftið hugtak. Þetta hjét að vera strangur, þetta skynleysi á því virkilega og fagra. Um Siðabótarleytið hefir það vfst verið almennur skilningur alþýðumanna, að þess meir sem menn ástunduðu meinlæta lifnað, þess betri og helgari væri þeir. Sagt er um Savonarola, einn bezta og heilbrigðasta umbótamann Endurvakningar tfmabilsins, að hann hafi jafnan gengið í hrosshárskuflí instum klæða, og aldrei úr honum farið, fyrr en hann var færður úr honum rjett fyrir aftökuna. Þess er og getið um Zwingli, Lúther og sjerstaklega um Carlstadt, að þeir hafi ekki haldið mikið af persónu fegurð eða nettleika í búnaði og háttsemi.

Eins og alkunnugt er spratt Siðabótin út frá klaustrunum, erfði hún því hugsunarhátt og siði klaustranna. Hún breiddist aðallega út meðal alþýðunnar er var gegnsýrð af þessum hugsunarhátti. Yfir flestum eða öllum ritum siðbótarinnar hvílir andi bílsýnis og fordæmingar á öllu því sem er fagurt. Er hugsunarhátturinn svo afskræmdur, að því var haldið fram að Djöfullinn geti birst og, tíðulega birtist í ljóscngilsfski, eða í gerfi undurfríðra meyja. Gengur það næst yfirnáttúrlegri heimsku, að jafnvel nokkurum munk skyldi geta hugsast slíkt, eða þess þá heldur trúað því.

Í ensku kyrkjunni eru það, Hreintrúarmennirnir, eða Þárf-tanarnir er ganga lengst í þessu efni. Annars var enska kyrkjan einna lausust við þessar öfgar meðal mótmælenda. En fyrir Þárf-tönun sótti út í öfgar, svo mjög að alt persónuskraut þótti óvirða, myndir og listaverk tálsnörur og freistingar þess illa. Kyrkjur þeirra voru rúnar allri þryði. Voru þær svo snauðar að fegurð að þær urðu ljótar og ægilegar og höfðu minni þægindi að bjóða en aumustu fangaús. Varp þetta þeim skugga yfir sálarlífið að siðir og alt hversdagslífið, mátti fremur heita ein afilöng tilraun að hræða Djöfulinn, út úr heiminum, í stað þess að lyfta andanum, með afli fegurðarinnar yfir það ósanna og ófagra, yfir fals og ófreskismyndir þjóðlfsins. Af vogstangariunnar er óþektur hlutur í heimi evangelísku trúarlærdómanna. Í þess stað er það vniþrúgan, það sem kremur og sundurmer. "Sundurkraminn andi og sundurmarið hjarta er guði þægileg fórn",

Mjer flýgur oft í hug, í þessu sambandi, lauriveinarnir í Efesus, er Páll hittir þar, er ekki höfðu svo mikil sem heyrta að Heilagur Andi væri til, hvað þá að þeir hefðu meðtekið hann.

Eins og við má búast, eftir síðabótina kemur svipað þessu, fram í þjóðlífi voru Íslendinga. Evf ekki var hinn nýji siður betur til fara er hann kom til Íslands, en úti í menningarlöndunum. Heimurinn er allur. Alt hold er hey. Öll þryði og skraut hje-gómi. Persónugildi mannsins ekkert. Maðurinn er "andstyggileg skepna" fyrir guði. Fólk er vítt fyrir að leita þess sem er fagurt. Vfir 16. og 17. öld er ekki á öðru alið. Sennilega hefir þó ekki fegurðarviðleitnin verið mikil, því smekkvfsin í þá átt var ekki mikil. Um miðja 18. öld talar sjera Þorlákur prófastur Þór-arínsson um þá með fyrirliitningu, er lita fót, úr sorta, í stað þess að ganga í sauðmórauðu eða gráu.

"Æ þótt skorti fæðuföng, fötin sortulita".

Og hann var alls ekki sá eini í hópi lærðra manna, er gjörði gys að almenningi og vítti hann, fyrir þann litla fágunarvott er fram kom í búnaði hans og ýmsu öðru.

Þar sem fegurðarnæmið var nú heldur lítið fyrir, hvílik áhrif þetta hefir haft á síðu manna og hugsunarhátt, er skiljanlegt. Enda vita allir hvað tilfinnanlega þjóð voru skortir alt fegurðarnæmi. Það er tilfinnanlegasti menningarskorturinn í augum út-lendingansins er ferðast um Ísland. Hirding og þrifnaður, sem er fyrsti vottur fegurðarleifarinnar, eigin persónu, var og er á lágu stigi meðal vor. Meðal almennings var, og er víða enn, alt hrein-læti og smá hirdusemi í klæðnaði talin ókostur hverjum manni. Vera með hreinlæti var blátt áfram syndsamlegt tilbald. Vera þvegin og kemdur, vera matvandur, lýsti lítið betra upplagi en óráðvendni. Og alveg var það gagnstríðandi hugsjóninni að vera maður, því það bar keim af kveifarskap. Það gat enginn orðið ríkur nema hann væri óþvegin. Matvendni var syndsamlegur böstur, og enginn boðskapur Nýja Testamentisins hefir læst sig eins inn að hjarta íslenzku þjóðarinnar eins og sá, að neyta matar með óþvegnar höndur og hirda lítið um að fægja borðkerin.

Matvendninni refsði Drottinn sjálfur, og sú kenning lífr ofan fyrir miðja 19. öld og gott ef hún er alstaðar höfín. Í smá-

sögum Pjeturs biskups er saga af "Matvanda manningum". Hann hafði ólyst á baunum. En sá sem er matvandur á fyrir hendi að veita svangur, og þessum sama manni refsaði Drottinn þannig, að þegar hann fór að búa svalt hann heilu hungri, þangað til hann varð feginn að borða baunir.

Ekki var um það hugsað, að matvendingin gæti stafað af ólyst á því hversu læðan væri tilbúin og fram borin.

Að þjóðin lenti í niðurlægingu og ósjálfstæði með þessum hugsunarhætti var ekki að furða. Það hlaut að hafa áhrif á alla síði hennar og háttsemi. Enda varð hún sú aumasta töturmynd gullaldarinnar, hversu sem hún reyndi að halda í guðhræðsluna. Enda getur ekki ólfkari hugsunarhátt, fegurðarskilning og mat á mannlegu gildi. Persónu hirtni, hreinlæti, breysti og hugdírfdi einkendu gullöldina. Hvað segja ekki Hávamál:

"Vatns er þörf, þeim er til verðar kemr,

þerru ok þjóðlaðar.

Goðs um æðis ef sjer geta mætti

Orðs ok endrþögu".

Vatns er þörf þeim er gengur til borðs og þerru (þurku), svo hann geti sjer gott orð um háttþrýði.

Og á öðrum stað segir:

"Þvegin ok mettur, rfdi maðr þingi at

þótt hann sét væddr til vel".

Þótt hann sje ekki skrautbúinn. Vera hreinn á mannamótum.

Þessi hlið menningarinnar um síði og háttþrýði, hefir ekki verið svo rækilega rædd sem skyldi, og er þess þó ærin þörf. Læknar vorir hafa tekið ofan í við óþrifnað eingöngu frá sjónarmiði sjúkdóma, en það er til önnur hlið þess máls og er sú meiri, en það er hlið fegurðar tilfinningarinnar er hverju þjóðfjelagi er nauðsynlegt að þroska, eigi það sjálfst að þroskast og mannast. Virðingin sem fegurðaræmið skapar hjá manningum sjálfum, fyrir sjálfum sjer og öðrum, er bezta stoðin yfir alla æfina, undir þá ætlan að lifa virðulega og breyta rjett.

Franska þjóðin er alment viðurkend bezt mentuð og faguðust allra þjóða. Í því efni hefir hún verið öfunduð af öllum þjóðum. En er vjer lítum til sögu Frakka þá er þetta cðlilegt. Það er

snemma byrjað á því að ala hana upp í fágun og háttprýði. Alt í frá dögum Karlamagnúsar og ofan til þessara tíma hefir verið um það sýslað. Í siðareglum Karlamagnúsar er heimtað ræðal annars, að við máltíðir hendi menn ekki hnátum og beinum um gólf. Að breiddir sjeu dúkar á bekki og borð áður en gengið er til snæðings, að notaðar sjeu þrúgur til þess að ná leginum úr vfnberjunum, en þau sje ekki kreist í hendiinni. Að við tilbúning mjólkur og osta sje við haft hið mesta hreinlæti. En þetta er gíð byrjun og mikil, fram á 8. öld, og með jöfnu áframhaldi komið miklu til leiðar.

Alt hreinlæti hefir stundum verið nefnt tilhald og það sje meira gjört til þess að sýnast, og þeir sem sjeu með þess háttar nostur, sjeu vanalega óheilli en hinir, vegna þess að ekki sje eins ljett að sjá þá í gegn. Að slíkt geti ekki komið fyrir skal alls ekki neitað. En það er stóur en svo að það þurfi nauðsynlega að fylgjast að. En segjum að svo beri við. Langar þá nokkurn til þess að sjá hvernig þeir hinir sömu eru, ef þeir þurfa endilega að vera óhreinir til þess að birtast í sinni sönnu mynd? Eru ekki sára litlir kostir leiddir í ljós með því?

Þjóð vorri er margt vel gefið. Hún hefir borið sjálfri sjer þann vitnisburð að hún væri bezt mentuð allra þjóða. En í mentuninni skoðar hún að eins fólgið lestur skrift og reikning. Í því efni mun hún standa framarlega. En það er langt frá því að það eitt sje mentun. Hún er langt á eftir öllum bezt mentuðu þjóðunum í fegurðarsmekk, og siðir hennar og háttsemi hafa stuðlað að því í margar kynslóðir að óskfra heldur þann smekk en örfa hann. En hann er einn meginþáttur mentunarinnar og menn-ingarinnar.

Það er öllum inngefið meðal mannanna að finna til ununar yfir því sem er fagurt, en þar ráða tilfinninganæmi og siðir, hvað hverjum þykir fagurt. Villimaðurinn er ekki lengra kominn en að dást að fjöðrum og farfa. Glys og glit draga hann að sjer og heilla hann. Fegurðarsmekkur hans getur ekki greint á milli þess sanna og ósanna. Svo er líka með þá sem lítt þroskaðir eru í þeim efnum. Glys og glit draga til sín í stór hópum, þá sem óskýra hugmynd hafa um fegurðargildið.

Ekki er laust við það að sama megi segja um margt af voru fólki. Það er nú á ný að opna augu fyrir því sem er fagurt, en dómgreindin enn þar lítt þroskuð. Það dregst því að glysi og gliti. Að vísu eigum vjer málshátt sem segir: "Ekki er alt gull sem glitrar", svo að ætla mætti að vjer þektum glit frá gulli. En eg segi yður satt að þessi málsháttur hefir ekki orðið til nú á síðari öldum. Hann hlýtur að vera æfagamall og allir búnir að gleyma hvað hann þýðir.

Glys og glit er ekki fegurð, heldur eftirlitking lág og ljeleg. Ekki er það heldur svo til sýnis að ekki fylgi því annað er á bak við það er falið, sem bæði er ófagurt og óglæsilegt. Einkum er það þó einkenni í borgunum.

Utan af landsbygðinni streymir hingað til borgar með hverju ári fjöldi yngra fólks. Straumur sá er óslitinn og óstöðvandi. Auga þess unga er ætíð heillað af því sem hann heldur að sje fagurt. "Og alt er það vænt sem vel er grænt", sagði sjera þagnar-máls þorlákur, og þeir eru margir þorlákarnir sem trúa því líka. Glys og glit verður vænt. Þá sem þroskaðir eru að fegurðarnæmi og ríkir af sjálfsvirðingu, myndi ekki saka. En sök er sjen og skeð. Og fjöldi íslenzkra hjartna hugsu nú þær hugsanir og ganga þær slóðir, er í allan stað eru óeiginlegar upplagi voru og innræti. Því innræti og upplag þjóðar vorrar hefir ávalt verið gott. Og það sem lakara er jafnvel þykjast af að hafa nú náð þessum forsmekk menningarinnar, ekki ólíkt því og barnið er það hefir lært fyrsta blótsyrðið. Ef þetta ber ekki vott um menningarskort, þá er enginn vottur til um það.

Þjóðin er ekki eins mönnuð og hún hugsar og mentunarmont-íð íslenzka er að verða að hneyxli. Fegurðar hugsjónin og smekknæmið, er af-skornum skamti, og það virðist eiga ervitt með að vaxa. En þegar það skortir, þá stoðar ekki lærdómur til, til þess að bæta fyrir þá vöntun. Enda held eg, að nokkrum undantekningum frátöldum, verði tæplega greint í sundur, ef dæna skal eftir tali látbragði og framkomu, opinberlega eða heimuglega, hver er háskóla stúdentinn og hver er fjósamaðurinn. Á maður þó tæplega von á slíkri mismækkun, að persónuvirðingin skuli ekki vaxa við mentumina, og sá mentaði hafa í au áhrif á hina að hann

lyfti honum upp til sín, í stað þess að vera dreginn niður til hans.

Um frumbyggja þessarar álfu, er það almenn sögn, flestra uppeldisfræðinga, að um vfst skeið megi heppnast að menta börnin. Þau virðast alls ekki tornæm og læra mikið á þessum iðnaðarskólum sem stjórnin hefir sett vðsvegar um landið. En eftir vissan aldur þegar þeim er slept burtu, er tillneigingin enn sú sama; að falla til baka aftur, niður til jafns við hina sem heima sitja í hreisum og tjöldum, taka upp sama lifnaðarháttinn og forfeðurnir, lifa á veiðum og hrámeti en sneiða sig hjá öllum iðnaði siðaðs mannfjelags. Og eftir fárra ára bil þekkjast þeir svo ekki frá hinum. Lfðið sem þeir kjósa sjer, krefur engrar slkrar þekkingar sem þeir hafa notið og svo týnist hún og gleymist.

Það er svo ervitt og útheimtir ásetning og staðfestu að halda sjer upp og sækja fram. En það er svo ljett að láta undan stga og falla niður, unz öllu er á glæinn kastað nema líkams tilverunni einni. — Það er að minsta kosti saga Indfánans, og þess væri óskandi að það yrði ekki líka saga vor.

Íslendingar leggja mikla rækt við lærdóm. Það hefir ávalt þótt heiður að vera vel að sjer. Hefði þeir lagt hálf eins mikla stund á siðfágun, hefði lærdómurinn á sama tíma orðið að meiri notum. Og fyrir þá sem ekki gátu mentunar notið, umgengnin við þá mentuðu hefði orðið þeim að mikilli mentun. Gamlir menn úr Reykjavfku skóla hafa sagt mjer, að kennararnir margir, er búnir voru þó að nema svo árum skifti í útöndum, hafi verið vesöl fyrirmynd í háttþrýði vesölustu sveitamönnum. Eitt með öðru er auðkendi Jón Sigurðsson, var tíguleiki sá og persónuvirðing er hann bar og fágun. Enda hefði hann aldrei farið hálf þá leið sem hann fór, án þess. Hann hefði mist móðinn, ef með rjettu, fyrirlitningarvipur andstæðinganna hefði mætt honum, vegna þess að konungssálin hefði í öllu skriðið fram í þræls búningi. Hann hafði sjón á því tígulega og háa og samdi siði stna þar eftir. Er ef til vill of mikið orð á því gjört, hvað mikið hann lagði í útgjöld og kostnað til þess að halda uppi sæmd vorri sem svaramaður þjóðarinnar, en hinu síður, hvað köllun hans útheimti,

Ótal fleiri dæmi mætti færa til, og væri það bæði til gagns og fróðleiks ef tími leyfði.

En engin þjóðmenning er verð að heita því nafni, sem ekki hefir koinið auga á fegurðargildið og með því umskapað hugsunarhátt og siði þjóðarinnar. Og bókvit eitt hefir ekki gjört það. Getur það því ekki heitið nema menning til hálfis, að vera vel að sjer um skrifuð fræði, ef um fræði lífsins sjálfs menn eru fákunnandi eða þeim með öllu ókunnugir. Og siðir vorir eiga að breytast svo að þeir verði lifandi vottur þess, að vjer kunnum að meta lífsfegurðina sjálfa. Og það sem stendur því mest í vegi er ekki fátækt efnaleg, að ekki sje hægt að búast í skart og klæðast pelli og purpura. Því þó klæðnaður eigi töluverðan þátt í því að persónan komi vel fyrir, þá er hann ekki aðalskilyrðið. “Þveginn og mettr ríði maður þingi at, þótt hann sét væddr til vel”. En það sem stendur mest í vegi er fátækt andleg og siðir æfagamlir, er sprottið hafa af lítilsvirðing fyrir fegurðar göfginu. Og svo er það líka fúsleikinn sá, ávalt að vera reiðubúinn, að stíga niður til þess sem lægra stendur í siðum og látbragði og allri háttsemi, og komast til jafns við hann þannig, í stað þess að lyfta honum upp og gjöra jöfnuðinn á þann hátt.

Ef eins mjög og lögd er stund á að kenna mönnum beyging latneskra sagna og föll nafnorða, væri lögd stund á að kenna mönnum beyging sálarinnar, þá sönnu og rjettu, eða föll andans, færi þetta alt brátt að lagast. Það er virðingarvert að kunna að beygja latneskar sagnir í öllum háttum og tíðum eða nafnorð í öllum föllum, en þó er hinn lærdómurinn meira verður og ber meiri ávexti í fjelagslífinu. Hann er notaður dags-daglega og fyrir fleiri þá, gjörður auðveldur að nema. En hinn er sjaldan um hönd hafður af þeim sem nokkurn smekk eiga til að bera. —

Alt þetta snertir hvers dags-lífið. Það eru siðir í algengum skilningi. Það eru hugsanir holdi klæddar, um gildi og virðingu persónuleikans sjálfs, hversu hann fer nálægt fegurðar fmynd lífsins. Öll tilveran er íklædd vissri fegurð. Og siðir manna eru tilraun til þess, að draga þá fegurð fram í sýnilegri mynd, með

fra nkómu, búningi, og lífi einstaklinganna í Þjóðfjelaginu. Þeir síðir sem ekki ná þeim tilgangi eru ósíðir. En þeir síðirnir sem bezt ná því markmiði eru fegurstu síðirnir.

Framhald.

Grundvallarlög

Hins Ænftariska Kyrkjufjelags
Vestur-Íslendinga.

Með því að á undanfarandi þingum, kyrkjufjelags vors, hafa ýmsar breytingar verið gjörðar á grundvallarlögunum, svo að hin upphaflega útgáfa þeirra, er prentuð var sumarið 1901, er kyrkjufjelagið var stofnað, er orðin mjög ónákvæm, hefir oss hugsast að í jettast væri að láta Heimir flytja þau í sinni núverandi og endurbættu mynd. Svo hefir kyrkjufjelagið látið gefa þau út að nýju, samkvæmt fyrirskipun síðasta þings, og eru þau nú fánleg hjá eftirfylgjandi mönnum :

Skrifara kyrkjufjelagsins, Sjera Guðm. Árnasyni ;
Útbreiðslustjóranum, Hra. B. B. Olson, Gimli; og
"Field Agent", sjera Rögnvaldi Pjeturssyni,
533 Agnes Str.

Söfnuðir og meðlimir kyrkjufjelagsins eiga heimting á að fá eintak af lögunum ókeypis, og geta þeir sntið sjer í því efni til skrifarans. Auk þess verða lögin til sölu á 5 c. eintakið. Afsláttur ef fleira en eitt eintak eru keypt í einu. Þau eru í laglegu broti og vönduð að pappír og prentun. Gjörðu fjelagsmenn og aðrir er kyrkjumálum vorum unna rjett í því, að fá sjer nokkur eintök af þeim og leggja þau innan í brjef til kunningja sinna heima og hjer, svo að sem flestum gæfist kostur á að kynna sjer stefnu og starf fjelagsskapar vors. Tíu eintök verða seld á 25 c., er senda má í frfmerkjum. Dregur verðið engan, en ef greitt er, hjálpar til að borga prentun.

1. Gr. **NAFN**: — Nafn fjelags þessá er: **Hjð Únítaríska Kyrkjufjelag Vestur-Íslendinga.**

2. Gr. **TILGANGUR**: — Tilgangur fjelags þessa er, að leitast við, að efla og stofnsetja únítaríska söfnuði meðal Íslendinga, útbreidda frjálslyndi í trúarskóðunum, og viðhalda skynsamlegum, lifandi og göfgandi trúarhugmyndum, í elsku til guðs og þjónustu manna.

3. Gr. **MEDLIMIR**: — Í fjelagi þessu geta staðið bæði einstakir menn, sem að þessum fjelagsskap vilja vinna, og söfnuðir þeir, sem stefna að hinu sama markmiði.

4. Gr. **INNGANGA**: — Innganga í fjelagið skal gjörast með umsókn til stjórnarnefndarinnar, og samþykki hennar. Þar sem um söfnuð er að ræða, skal staðfest afskrift af lögum hans fylgja umsókninni. Þó skal þeim gjörðum stjórnarnefndarinnar vísað til eftirkomandi þings til lagalegrar staðfestingar.

5. Gr. **GJÖLD**: — Hver söfnuður skal gjalda, ekki minna en fimm (\$5.00) dollara inngangseyrir, í fjelagssjóð, en einstakir menn, einn (\$1.00) dollar á ári hverju. Æfilangt geta einstakir menn orðið fjelagar með því að gjalda tuttugu og fimm (\$25.00) dollara í fjelagssjóð, eitt skifti fyrir öll.

6. Gr. **FULLTRÚA TALA SAFNAÐA**: — Sjerhver söfnuður fjelagsins, hefir rjett til, að senda einn fulltrúa á þing, fyrir hverja fimtán (15) atkvæðisbæra meðlimi safnaðarins, eða brot úr fimtán, alt upp að sjötíu og fimm (75) meðlinum; en einn fulltrúa fyrir hverja tuttugu og fimm (25) meðlimi fram yfir sjötíu og fimm eða brot úr tuttugu og fimm. Þó skal hver söfnuður hafa rjett til að senda þrjá (3) fulltrúa á þing, hversu fámennur, sem hann er. Atkvæðisrjett til þingkosninga, hafa allir, sem eru fimtán (15) ára og eldri. — Auk kosinna fulltrúa, skulu eiga sæti á þingi og hafa full þingrjettindi, stjórnarnefnd, þjónandi prestar og einstakir meðlimir kyrkjufjelagsins og formenn millipinganefnda.

7. Gr. **STJÓRNARNEFND**: — Forseti, Varforseti, Skrifari, Varaskrifari, Fjehirðir, Útbreiddslustjóri, Field Missionary, og þrír meðráðamenn, skulu skipa stjórnarnefnd fjelagsins, og sje hún kosin á hverju löglega boðuð þingi.

8. Gr. **SKYLDUR EMBÆTTISMANNA**: — Hinir ýmsu embættismenn skulu sinna þeim störfum er veijulega gjörast, í samskonar fjelögum, og skyldir að hegða framkvæmdum sínum samkvæmt fyrirskipun lögmætra funda.

9. Gr. **ÞINGHÖLD**: — Þing skal haldið á ári hverju, ef kringumstæður leyfa; auk þess skal stjórnarnefndin hafa vald til að kalla til þings með mánadaryfirvara, þegar henni sýnist, og skyld til þess ef þrír fjórðu meðlima

fjelagsins æskja þess. Í tilliti til þessarar greinar, skal hverjum söfnuði met-
 øst, á aukapingum, jafn margföld meðlima rjettindi, sem fulltrúatala sú gefur
 til kynna, sem honum hefði borid að hafa á næstliðnu þingi (sbr. 6. gr.). Til
 venjulegra þinga skal þingboðið birt í opinberu blæði, vikulega, þrem sinnum
 áður en þing komi saman.

10. Gr. LAGABREYTING: — Brottrekstur meðlims, að gefnum sökum
 og breytingar á lögum þessum má gjöra á hverju löglega boðuðu þingi, svo
 framarlega sem hvorttveggja hafi greinilega verið skýrt í þingboðinu, og tveir
 þriðju hlutar talsins, allra viðstaddra fulltrúa, gefi samþykki sitt til þess.

Kyrkjubók.

SKÍRNIR: Sjera Rögnv. Pjetursson.

Helga, dóttir Páls Árnasonar Reykdal og konu hans Kristfn-
 ar Eggertsdóttur Reykdal. Fædd 29. marz 1913. Skrifð í
 Winnipeg 20. apríl 1913.

Lára, dóttir Jóns Sigvaldasonar og konu hans Sigrúnar Jó-
 hönnu Þorgrímsdóttur Sigvaldason. Fædd 26. okt. 1912. Skrifð
 í Winnipeg 21. maí 1913.

ÚTFARIR: Á tæringar sjúkrahúsi bæjarins andaðist 3.
 apríl 1913, Guðrún Ingveldur, dóttir Guðmundar Bjarnasonar og
 konu hans Eyjólfnu Eyjólfsdóttur. Ingveldur sáluga var fædd í
 Winnipeg 26. sept. 1888. Var því tæpra 25 ára. En ólst upp
 vestur í Álfstavatnsbyggð. Hún var góð stúlka og vel gefin og
 stundaði um tíma nám við háskólana. Jarðarförin fór fram frá
 kyrkju Únítára safnaðarins 5. apríl. Kveðjuorðin fluttu sjera
 Rögnv. Pjetursson og sjera Guðm. Árnason.

SKÍRNIR: Sjera Guðm. Árnason.

Jón, sonur Árna Thorlacius og konu hans. Fæddur í Winni-
 peg 1912. Skrifður í Winnipeg 1913.

HJÓNAVÍGSLA: 21. apríl 1913 í Winnipeg, Herra
 Bjarnþór Kristjánsson Lífmann og Margrjet Eiríksdóttir Johnson.

Kristileg siðfræði.

Fyrirlestur fluttur á sjöunda þingi hins Únntaríska Kyrkjufjelags Vestur-Íslendinga, af G. ÁRNASYNI.

Siðfræðin er sú fræðigrein, sem lýsir siðum manna og breytni. Að svo miklu leyti sem hún lýsir siðum og breytni, á hún ekki meira skylt við trúarbrögðin en hver önnur fræðigrein, sem lýsir mannlífinu. Hún skýrir blátt áfram frá því sem er, án þess að leggja nokkurn dóm á, hvort það í sjálfu sjer sje gott eða ilt. Hún skýrir t. d. frá því, að sumir villimannaflokkar drepi menn af öðrum flokkum og eti þá; hún skýrir frá því að konur hafi verið keyptar og seldar hjá sumum fornaldarþjóðum; að vissar dygðir hafi verið mikils metnar hjá þessari þjóðinni eða hinni, o. s. frv.

En siðfræðin er meira en lýsandi og útskýrandi fræðigrein, hún er samsafn af lífsreglum og hugmyndum um rjetta breytni. Og sem lífsreglur og siðferðishugmyndir stendur hún í mjög nánu sambandi við trúarbrögðin. Öll helztu trúarbrögð, að minsta kosti, hafa siðfræði; reglur fyrir breytninni, hugmyndir um gott og ilt, rjett og rangt, og fyrirsmæli um það, hvað mönnum beri að gjöra og hvað að láta ógjört, finnast í þeim og eru margvíslega fljettaðar inn í trúarskoðanirnar. Kristileg siðfræði er þá þær lífsreglur, þau fyrirsmæli um rjetta breytni, þau siðferðisleg, sem finnast í kristnum trúarbrögðum. Hún er, í sem fæstum orðum sagt, sá hluti hinna kristnu trúarbragða, sem ákveður breytni manna og afstöðu hvers gagnvart öðrum í kristnu samfelagi.

Tilgangur minn með þessu erindi er, að lýsa því helzta og mikilvægasta í þessari siðfræði, að reyna að benda á uppruna þess og sýna, hvað af því sje til orðið innan kristnu kyrkjunnar og hvað komið annarstaðar frá. Með öðrum orðum: að leitast við að sýna að hve miklu leyti siðfræði kristinna þjóða sje kristileg. Auðvitað verður tímans vegna ekki hægt að taka fram annað en það helzta eða aðalatriðin.

Það er afarníkils vert atriði í sögu hvefrrar stefnu, hvar og á hvaða tíma hún byrjar. Kristindómurinn byrjaði á Gyðingalandi; og, eins og gefur að skilja, er náð samband milli hans og trúarbragða Gyðingapjóðarinnar. Hvað siðferðiskenningum viðvskur er það sjerstaklega ein, sem er komin inn í kristindóminn úr Gyðingatrúnni — kenningin um rjettlæti, það má segja að hún væri aðalatriðið í allri siðfræði Gyðinga fyrir á öldum. Í lögmalinu, sem upprunalega var mjög einfaldur lagaþálkur, er rjettlætið höfuðdygðin, sem brýnd er fyrir mönnum. Þeim, sem gjörir það sem rjett er samkvæmt boðum lögmalesins, mun vel farnast, en hinum, sem gjöra það, sem er rangt, mun illa farnast. Miklu meiri áherzla er lögð á það, að mönnum hefnist fyrir órjettlætið og að rjettlætið fái sín laun, heldur en hitt, að menn eigi að vera rjettlátir vegna þess að það sje gott og feli í sjer siðferðislega fullkomnun. En hjá hinum meiri spá-mönnum kemur sú skoðun berlega í ljós, að rjettlætið sje hin fullkomnasta dygð einstaklingsins og þjóðarinnar.

Rjettlætiskenning Gamla testamentisins kemur fram í því nýja; en í nýrri mynd. Þar er ekki boðið að heimta "auga fyrir ír auga og tönn fyrir tönn", heldur að gjöra ekki órjett. Sá sem verður fyrir órjetti á að þola hann, án þess að reyna að rjetta hluta sinn. Þjer hafid heyrnt að boðið er: auga fyrir auga og tönn fyrir tönn; en eg segi yður: rísið ekki öndverðir móti meingjörðum annara, heldur slái einhver þig á hægri kinn þína, þá þjóð þú honum einnig hina. Vilji einhver hafa lagadeilur við þig um kyrtíl þinn, þá lát þú honum og yfirhöfn þína. Neyði nokkur þig einnar mslu fylgd, þá far með honum tvær". Menn eiga ekki að gjöra órjett og þeir eiga ekki að standa á móti órjettlætinu. Þetta var kenning Jesú. Og kristnir menn reyndu að lifa samkvæmt henni fyrst framan af. Í fyrra brjefinu til Korintumanna áminnir Páll kristna menn um að leita ekki rjettar síns frammi fyrir dómstólunum; og segir að þeir skuli heldur þola órjett hver af öðrum, ef þeir geti ekki jafnað sakir sínar innan safnaðarins. En þessi skoðun á rjettlæti hvarf í rauninni alveg með tímanum, þegar kristnin útbreiddist og varð að al-

mennri trú, og komst í samband við ríkið; þá kom rómversk lagaleg hugmynd um rjettlæti í hennar stað.

Það er auðskilið hvers vegna rjettlætishugmynd Gyðinga tók þessum breytingum hjá hinum fyrstu kristnu mönnum. Hún var ósamrýmanleg við aðrar skoðanir þeirra og hlaut þess vegna að breytast. Jesús kendi auðmýkt og högværð. "Sælir eru högværir, því þeir munu jarðríkið erfa". "Hver sem vill vera fremstur meðal yðar, hann sje þjónn yðar". Hann sagði að dramb og sjálfspótti Fariseanna gjörði þá óhæfa fyrir guðsríki. Það er fullkomlega í samræmi við þessa hugmynd að veita ranglætinu enga mótstöðu.

Kærleikurinn til allra manna verður ávalt að skoðast sem hið stærsta og mesta siðferðisboðorð Jesú. "Elskið óvini yðar, blessið þá sem yður bölvu og gjörið gott þeim sem hata yður". Þetta var alveg ný og óþekt hugmynd hjá Gyðingum. Þeim hafði verið boðið, að sýna hver öðrum velvilja og hjálpa bágstöddum og undirokuðum, og jafnvel að láta sjer ant um útlendinginn, þegar hann var upp á þeirra náðir kominn. En að elska þá sem hötuðu þá og sýndu þeim ójöfnuð, að binda um sár hvers manns, sem þeir fundu illa út leikiun á förnum vegi; í stuttu máli: að bera velvilja til allra og hjálpa öllum, sem þurftu hjálpar með, án þess að spyrja að hverjir þeir væru, það var ný kenning, nýtt siðalögmál.

Það er ótrúlegt að Jesús hafi haldið, að sltkur náungans kærleiki yrði í raun og veru innrættur mönnum yfirleitt. En vjer verðum að gæta þess, að hann bjóst við stórkostlegri breytingu. Hann trúði því að það mannsjelag, sem þá var, mundi líða undir lok innan skamms tíma og í þess stað mundi verða sett á stofn GUÐSRÍKI, þar sem allir menn væru svona kærleiksfullir, og hatur og ójöfnuður þektust ekki. Það er engin þörf á, í þessu sambandi, að gjöra sjer grein fyrir, með hvaða hætti hann hugsaði sjer að guðsríkið yrði stofusett, eða hvort það átti að verða í þessum heimi eða öðrum. En það er augsýnilegt, að hann hafði það í huga, þegar hann var að keana mönnum, hvernig þeir ættu að lifa. Menn áttu að vera kærleiksfullir, auðmjúkir og rjettlátir til þess að verða hæfir fyr-

ir það; ekki til þess að þeir yrðu farsælir og vel metnir í Galileu eða Jerúsalem; hann var ekkert um það að hugsa, hvað var kallað vel sæmandi og naut virðingar þar. Tollheimtumenn og bersyndugir voru betri en þeir, sem nutu mestrar virðingar fyrir óútasetjanlega breytni, ef þeir að eins höfðu kannast við syndir sínar og snúið baki við snu fyrir lífi, ef hinn mikli kærleikur og hin djúpa auðmýkt guðs barnanna voru búin að festa rætur í sálum þeirra.

Afstaða Jesú gagnvart stofnunum mannfjélagssins byggist á þessari skoðun hans á guðsríki framtíðarinnar. Hann er þeim ekki mótfallinn, nema að svo miklu leyti sem þær voru því til fyrirstöðu að menn gætu komist í hið rjetta ástand, sem þurfti til að geta orðið hluttakandi í guðsríkinu. Alt sem batt mennina við gæði þessa lífs var því til fyrirstöðu. Auður og metorð voru það sem menn áttu erfðast með að losa sig við. En við það urðu menn að losa sig áður en þeir gætu gengið inn í guðsríkið, því það tilheyrði þessu lífi, og þeir sem sóttust eftir því, gátu ekki líka sózt eftir því sem var nauðsynlegt fyrir lífið í guðsríki; þeir voru ekki undir það búinir. Jesú kendi mönnum, að þeir ættu að losa sig við auð, gefa hann þeim sem engan auð áttu, og hugsa ekkert um metorð eða upphæfð. Hann jafnvel kendi, að menn ættu að yfirgefa föður og móður, slíta sundur hin sterkustu bönd frændsemi. En alt vegna þess að hann var þess fullviss, að það gjörði þá hæfari fyrir hið nýja líf, sem þeir áttu að ganga inn í, en þeir væru ella. Menn spurðu hann að, hvort þeim væri leyfilegt að gjöra þetta eða hitt, t. d. að skilja við konur sínar og ganga til borðs með óþvegnum höndum. Hann vísaði þeim á ákvæði lögmálsins, en sagði samt, að venjur og fornlagaboð væru einskis verð, ef þau kæmu í bága við hið rjetta hugarfar, sem var skilyrðið fyrir hinu nýja og betra lífi.

Guðsríkið var alt í augum Jesú og hitt alt, sem menn sóttust eftir, sem þeir skoðuðu leyfilegt eða óleyfilegt, var ekkert í samamburði við það. Lífið og breytnin áttu að lúta að því, að gjöra menn hæfa fyrir það. Til þess miðaði kærleikurinn, auðmýktin, rjettlætið, sjálfsafneitunin, sem átti að ganga svo langt, að snúða höndina af, ef hún tældi til syndar — allar dygðirnar, sem hann

brýndi fyrir mönnum. Hvað Jesús átti við með orðunum guðs-
riki og ríki himnanna, er atriði, sem mönnum ber alls ekki saman
um. En hjer er ekki um það að ræða, eins og jeg tók áðan fram.
Hvort sem hann hefir búist við að það yrði á jörðu eða í öðrum
heimi, þá átti það að verða fullkomleikans ástand.

Fylgjendur Jesú voru þess fullvissir að sá heimur, sem þeir
lifðu í, mundi fljótt líða undir lok; þeir bjuggust við að sjá það
með eigin augum. Þessi fullvissa hafði mjög mikil áhrif á lífsskoð-
un þeirra. Áhrifn voru í stuttu máli þau, að það var skoðað sem
hin bezta siðferðisskylda kristinna manna, að afneita þessum heimi
með öllum hans gæðum. Páll postuli hjelt fram þeirri skoðun að
mannedlið væri tvískift: andinn og holdið. Og milli andans og
holdsins var eilíft stríð. "Andinn gírnist gegn holdinu og holdið
gegn andanum". Maðurinn á að afneita holdinu, hann á að kross-
festa það með öllum þess girndum. Að lifa eingöngu samkvæmt
tilhneigingum andans, sem þráir að leysast frá holdinu og verða
fullkominn, er, í augum Páls, að vera siðferðislega góður. Þegar
hann er að tala um lífið, talar hann um það sem undirbúning fyrir
annað líf. Hann er siðavandur, en hann er það ekki vegna þess,
að hann álfti gott siðferði nauðsynlegt fyrir líf manna hjer á jörð-
unni, heldur vegna þess, að ilt siðferði er því til fyrirstöðu að
menn geti orðið hæfir fyrir annað líf. Hann áminnir kristna menn
í Korintuborg, að hafa ekkert samneyti með þeim mönnum, sem
fylgja holdsgirndum sínum; hann vill að þeir losi sig við alt, sem
bindur huga þeirra við þetta líf. Um heimilislíf og hjónaband
segir hann, að það sje gagnlegt, ef það er nauðsynlegt til þess að
halda mönnum frá löstum. Á þrælahaldi hefir hann þá skoðun,
að það sje í raun og veru sama hvort kristinn maður sje þræll eða
frelsingi í þessu lífi; í öðru lífi hverfur öll stjettaskifting, og kristn-
ir menn eiga að hugsa um það eitt að búa sig undir það.

Kristnir menn yfirleitt höfðu alveg sínu skoðun og Páll fyrst
framan af. Þeir forðuðust heiminn; þeir sögðu að hann með öll-
um sínum stofnunum ætti að líða undir lok; þeir kendu og iðkuðu
sjálfafneitun, sem var óþekt í hinum grísk-rómverska heimi; þeir
neituðu ekki að hlýða þeim, sem áttu að sjá um að ríkislögunum
væri framfylgt, en í afstöðu þeirra gagnvart þeim og mannfjelaginu

var nokkurs konar lítilsvirðing; þeir álitu sig betri en aðra menn. En saman við þá tilfinningu blandaðist auðmýkt, sem þoldi alt, án þess að reisa hönd á neóti. Kærleikur og miskunnsemi voru höfuðskyldurnar innan safnaðanna; og heims fyrirlitningin var blandin meðaumkun. Menn, sem stóðu fyrir utan kristna söfnuði, skildu ekki þessa afstöðu; hún var mjög fjarlæg hugsunarhætti Rómverja og þeirra manna, sem höfðu kynst grfskri menningu. Þeir skoðuðu hana sem óvináttu gagnvart síðuðu mannfjelagi. Þess vegna var kristnum mönnum gefið það að sök, þegar ofsóknir stóðu yfir, að þeir hötuðu mannkynið. "Odium humani generis" var ein af ákæranum, sem á þá voru bornar.

Kristileg siðfræði á fyrstu og annari öld var gagnólk grfskri siðfræði. Eins og kunnugt er voru öll lönd, sem kristnin breiddist fyrst út um undir áhrifum grfskrar menningar og grfsks hugsunarhátta. Grfsk siðfræði var upprunnin hjá heimspekingunum. Hún stóð því ekki í nálægt því eins nánu sambandi við trúarhugmyndirnar og siðfræði kristindómsins. Grfskir heimspekingar hugsuðu mikið um mannfjlagið og skipulag þess; og siðfræði þeirra snertir þess vegna fyrst og fremst fyrirkomulag þjóðfjelagsins. Hugmyndir þeirra um tilveruna eftir dauðann voru mjög óákveðnar, og þess vegna voru siðferðiskenningar þeirra allar gjörðar fyrir þetta líf og miðaðar við það. Og Grikkir elskuðu lífið, þeir elskuðu alt sem jók fegurð þess og gildi, en þeir skoðuðu það frá sjónarmiði einstaklingsins fremur en heildarinnar. Fullkomnen einstaklingsins varð þar af leiðandi hið hæsta siðferðistakmark þeirra. Plató, sem var uppi snemma á 4. öld f. Kristis fæðingu og sem var einn af helztu heimspekingum og siðspekingum Grikkja, lýsir hinum fullkomna manni þannig. Hann á að vera vitur, hugrakkur, kunna að stjórna sjálfum sjer og rjettlátur. Þetta eru þær fjórar höfuðdygðir, sem hann á að hafa, og þær eiga að koma í ljós í mannfjlaginu, í allri stofnun þess. Stjórnendurnir eiga að vera vitrir, eða þeir einir eiga að stjórna öðrum, sem eru vitrir. Menn eiga ekki að afneita gæðum lífsins, en þeir eiga að njóta þeirra í hófi og geta verið án þeirra, ef það er nauðsynlegt. Viðskiftin eiga að vera rjettlát. Meðlífun og hjálpsemi og yfir höfuð allar kærleiksdygðir, sem svo afarmikil áherzla er lögð á í

kristnu siðfræðinni, eru næstum óþektar í þeirri grísku. Það sem kristnir menn töldu að eins hjegóma, eins og t. d. þekkingin og vizkan, var langeftirsóknarverðast í augum Grikkja. Að vísu voru siðferðiskenningar hinna ýmsu grísku heimspekinga nokkuð trismunandi, en þær voru þó allar líkar að því leyti, að þær miðuðu að fullkomnun einstaklingsins, en ekki að frelsun fjöldans frá synd, eins og kristnu siðakenningar; og þær voru miðaðar við þetta jarðneska líf, við eðlilega fullkomnun þess og fegurð, og við mann-eðlið með öllum sínum takmörkum, mætti segja.

Framhald.

Vilhjálmur Stefánsson,

landkönnunarmaðurinn góðkunni er kominn og farinn. Gjört var ráð fyrir, meðal Íslendinga hér í borg, að hafa viðbúnað nokkurn fyrir komu hans, hingað til bæjar, ef dvölin yrði nokkur. En hann tafði hér elskert. Kom sunnudagskveldið t. júní og hjelt rակleidis áfram til Wynyard í Sask., þar sem móðir og systkini hans búa. Hjeldu Wynyardbúar honum fagnaðarsamsæti þriðjudagskveldið 3. júní, og gekkst verzlunarsamband bæjarins fyrir því. Var nokkrum boðið þangað, hjeðan úr borg, þó fáir ætti hægt með að taka boðinu. Þó var fjölmenni mikið þar saman komið og samkvæmið hið myndarlegasta. Samkomunni stýrði Mr. Baker, forseti verzlunarsambandsins, og ræður fluttu, auk heiðursgestsins, forseti, Mr. Cameron bæjar-tjóri, hra. W. H. Paulson, þingmaður frá Leslie, Sask., er allir töluðu á ensku, og sjera Rögnv. Pjetursson, er talaði á íslenzku. Kvæði, er Dr. Sig. Júl. Jóhannesson hafði ort, til Vilhjálms, var sungið við lag er Helgi Helgason hafði samið. Þá voru lesin upp skeyti frá fjarverandi boðsgestum, T. H. Johnson, þingmanni frá Winni-

peg; Dr. Livingstone, þingmanni í Yorkton; hr. B. L. Baldwinson, aðstoðar fylkisritara í Winnipeg; og Joseph B. Skaptason, forseta Íslendingadagsnefndarinnar í Winnipeg. Var stöðasttalíð skeyti, sent á ensku og íslenzku, að tilhlutun almenns fundar hjer í borg kvöldið áður. Var fundur sá fjölskipaður og haldinn til þess, að ræða og undirbúa Íslendingadagshald hjer í sumar. Íslenzka skeytið var sem fylgir:

Herra Vilhjálmur Stefánsson,

P. t. Wynyard, Sask.

“Vjer Íslendingar í Winnipegborg, á fundi saman komnir, til þess að undirbúa hina árlegu þjóðminningarháttíð vora, fögnum yfir þeim göfugu, norrænu ættar-einkennum er þjer sýnið, og vonum að þjóð vor, megi telja yður, í hópi sinna eigin sona. Vjer óskum yður af hjarta sigursællar farar, og munum jafnan óska yður heillar og sigri hrósandi heimkomu”.

Útdrátt af ræðu Vilhjálms flytur Heimir í næsta blaði. 4. júní lagði Vilhjálmur af stað vestur til Vancouver og sigldi þaðan norður þann 20.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og anglýsinga.
Kostar EINN DOLLAR um árið. Borgist fyrirfram.

Gefinn út af hinu Únitaríska Kyrkjufjelagi Vestur-Íslendinga.

ÚTGÁFUNEFD:

Rögnv. Pétursson, ritstjóri, Guðm. Árnason, Ó. Pétursson, ráðsmaður
533 Agnes St. 45 Aikens Bldg.

Bréf og annað innihaldi blaðsins viðveikjandi sendist til ritstjórans, 533 Agnes St.
Peninga sendingar sendist til ráðsmannsins, 45 Aikens Bldg.

GIMLIPRENTSMÍÐJAN.

ENTERED AT THE POST OFFICE OF WINNIPEG AS SECOND CLASS MATTER,

TIMBUR!

Vjer höfum miklar birgðir af tegldu og óteglu timbri. Vor innanhúss "Finishing", gluggakarmar, hurðir og listar, eiga enga sína jafningja. Eitt borð eða vagnhlass.

Komið til vor

THE EMPIRE SASH & DOOR CO., LIMITED.
HENRY AVE. EAST.

HEIMIR

HEIMIR

Mánaðarrit, gefinn út af hinu Únttariska Kyrkjufjelagi Vestur-Íslendinga, 288 bls., auk kápu, á ári, í stóru 8 blaða broti. Kostar dollar yfir árið. Til kaupenda blaðsins hjer sendur til Íslands, eða vana, hvar sem er í Ameríku 75c. Eldri árgangar innhestir, tveðan upplagið hrekkur, 50c. hver.

Þetta blað verður sent ýmsum, sem ekki eru kaupendur. Það eru tilmæli um að gjörast áskrifendur. Þeir sem verða vilja við þeim tilmælum, eru beðnir að nota eftirfylgjandi eyðublað og senda það að meðlögðu áskrifenda gjaldi til útgefenda.

..... 1913

Útgefendur Heimis —

533 Agnes St., Winnipeg.

Fyrir meðlagðan \$..... gjörið þjer svo vel og sendið mjer "Heimir" frá byrjun .. árgangs.

Virðingarfylst

Nafn

Áritun

NOTIÐ

ROYAL CROWN

SÁPU

GEYMIÐ UMBÚÐIRNAR OG FÁIÐ VERÐLAUN.

Það hefir verið sannað með tilraunum að sex stykki af ROYAL CROWN SÁPU eru notadrygri en átta stykki af vanalegri sápu.

Fáið yður einn pakka af Royal Crown sápu, og komist að raun um að ofanskráð staðhæfing er rétt.

Sendið eftir fullkomnum verðlaunalista. Hann kostar yður ekki neitt.

The Royal Crown Soaps, Ltd.

Verðlaunadeild,

Winnipeg, - - - Canada.

Nýtizkulegasti og endingarbezti
skófatnaður í Canada.

Þjár verksmiðjur, Montreal og St. Hyacinthe

Tvær sérstakar tegundir—

“AMES HOLDEN SKÓR”

“McCREADY SKÓR”

Nægar birgðir til skjótrar útsendingar í vörugæmslunni okkar í Winnipeg.

Ames Holden McCready Limited

